



Forsætisráðuneytið

Stýrihópur um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir.

Samráðsgáttin/Ísland.is

Gunnarsholti, 8. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um áform um lagasetningu er varðar breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna – áform varðandi þann þátt frumvarpsins er snýr að landamerkjum.**

Þann 29. janúar sl. barst Landgræðslunni rafpóstur forsætisráðuneytisins hvar stofnuninni var boðin þátttaka í samráði um nokkur mál. Umsagna var óskað um m.a. mál nr. 28/2021, „Endurskoðun laga um landamerki o.fl. (lagasamræming)“. Veittur var frestur til 11. febrúar til umsagna.

Landgræðslan starfar á grundvelli laga nr. 155/2018 en markmið þeirra er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Landgræðslunni ber þannig samkvæmt lögum um landgræðslu m.a. að stuðla að vernd, endurheimt og að bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ennfremur ber að vinna að því að nýting taki mið af ástandi lands, stöðva eyðingu og komast hjá spjöllum á gróðri og jarðvegi, auka kolefnisbindingu, byggja upp, endurheimta og auka viðnámsþrótt og þanþola vistkerfa gangvart áföllum og náttúruvá o.fl.

Þá skal það sérstaklega tekið fram hér, í ljósi efnis fyrirliggjandi áforma um lagasetningu er varðar landamerki að stofnuninni hefur verið falin framkvæmd verkefnisins Endurheimt votlendis, í samræmi við sóknaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum.

Vernd og endurheimt votlendis er liður í baráttunni við aukningu gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti. Endurheimt votlendis eykur líffræðilega fjölbreytni, bætir vatnsmiðlun o.fl. Endurheimt votlendis er og almennt afturkræf aðgerð og skerðir þannig ekki möguleika til ræktunar til framtíðar litið. Þá skal það hér nefnt að gæði lands s.s. næringarefnaástand og vatnsheldni, m.a. til ræktunar til framtíðar, geymast almennt best í náttúrulegu ástandi, þ.e. *blautu*

Eftirfarandi eru athugasemdir stofnunarinnar vegna fyrirliggjandi lagaáforma:

Landgræðslan fagnar því að fyrirhugað sé að samræma skráningu allra landamerkja enda þær reglur sem nú gilda, og ágætlega eru raktar í samantekt þeirri sem liggur til grundvallar umsögn þessari, allt í senn ósamstæðar, óskýrar og óskilvirkar. Mjög mikilvægt er að það markmið náist að landamörk séu skráð á samræmdan og skýran hátt þannig að almenningur megi nálgast öruggar upplýsingar um þetta málefni.

Áform þau sem hér eru kynnt felast í því að ákvæði um landfræðilega afmörkun fasteigna almennt verði bætt við lög um skráningu og mat fasteigna. Þar verði fjallað um gerð og efni landamerkjalýsinga, breytingar, hlutverk sveitarstjórna og þinglýsingu. Um leið skulu lög um landamerki felld úr gildi sem og að annarri löggjöf skuli breytt að því marki sem þörf er á til að tryggja einn farveg skráningar, skýra verkaskiptingu og samræmi í mælingum og framsetningu.

Að sinni vill Landgræðslan sérstaklega benda á nauðsyn þess að breyta ákvæðum um setningu merkja, sérstaklega varðandi landamerkjaskurði. Í umfjöllun um lög um landamerki o.fl., nr. 41/1919 kemst stýrihópur um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir m.a. að því að landamerkjalögum sé áfátt hvað varðar það að:

*„Landamerkjalög byggja að að merki miðist við landslag, vörður o.s.frv. en með nútímataekni er mögulegt að ákvarða og festa staðsetningu með öðrum hætti, t.d. hnitum með vísun í nærliggjandi fastmerki.“*

Í 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919 segir þannig:

*„Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum **skylt** að setja slík merki, svo sem með girðingum, **skurðum** eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skipt land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skipt er úr landi jarðar. [Leturbr. höfundar]“*

Þá segir í 3. gr. sömu laga:

*„Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er **skylt að halda við löglega settum merkjum** að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur. [Leturbr. höfundar]“*

Mjög mikilvægt er að merki verði sett til framtíðar, án þess að vísað sé til mjög forgengilegra hluta, s.s. girðinga. Þá mjög mikilvægt að ekki sé gert ráð fyrir að landamerki verði sett með skurðum (landamerkjaskurðum) sem svo er skylt að halda við. Sú aðferðafræði að grafa skurð í þeim einasta tilgangi að setja landamerki á milli jarða kann að hafa verið eðlileg fyrir áratugum þegar möguleikar til rafrænnar skráningar voru engir og vitneskja um mikilvægi votlendis ekki

til staðar. Eins og kunnugt má vera er staða þessi gjörbreytt og engin ástæða til að lög geri ráð fyrir að merki séu sett sérstaklega með þeim hætti að þar sé grafinn skurður.


Það að taka út tilvísun í (landamerkja)skurði úr lögum um landamerki hefur ekki þá lögfylgju að gerð þeirra væri þar með bönnuð. Slíka skurði mætti eftir atvikum áfram grafa en þá á öðrum forsendum en til að setja landamerki, t.d. þannig að þeirra væri þörf vegna aðstæðna eða nýtingar lands á hverjum stað.

Af sama meiddi og hér að ofan greinir er ákvæði í landskiptalögum nr. 46/1941 en í 1. mgr. 15. gr. þeirra segir:

*„Þegar landi hefur verið skipt samkvæmt lögum þessum, skulu úttektarmenn eða matsmenn láta setja glögg merki fyrir skiptunum. Eru landeigendur skyldir að gera þau tafarlaust. Í skiptagerðum skal lýsa merkjum þessum og afstöðu þeirra svo greinilega, að ekki verði um villst. Þegar greinilegir **skurðir**, garðar, vegir eða girðingar eru í mörkum, þarf ekki um að bæta, en ef engin slík merki eru í markabeygjum, og ekki heldur glögg náttúru Einkenni, sem ekki verður á villst, skal hlaða vörður úr torfi eða grjóti, nema hlutaðeigendur kjósi varanlegri merki, svo sem steinsteypustaur, **skurð** eða annað, sem skiptanefnd tekur gilt. Ef vörður eru hlaðnar, skulu þær vera keilumyndaðar, eigi minni en 1½ m í þvermál að neðan og dragast saman með fláa 1 : 1. Landeigendum er skylt að halda landamerkjum glöggum. [Leturbr. höfundar]“*

Um ofangreint lagaákvæði, og nauðsyn þess að breyta því, gilda sömu rök og rakin voru hvað varðar ákvæð laga um landamerki.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson

Birkir Snær Fannarsson